

TILSKPUN

um

lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum.

56
1. des.

Vjer Christian hinn tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerk-
ur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt 31. gr. siglingalaganna frá 30. nóv. 1914
viljum Vjer skipa svo fyrir um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum.

1. gr.

Hvert skip, nema opnir bátar, hreyfibátar undir 20 rúmlestum og bát-
ar í siglingum innanfjarða, skal jafnan hafa tiltekin lyf meðferðis. Lyfin skulu
geymd á þurrum stað, annaðhvort í lyfjakistu, eða í þar til gerðum skáp með
skúffum og hillum.

Læsing skal vera fyrir lyfjahirslunni.

Lyfjakista hver skal vera tölumerkt, sbr. 2. gr.

Flöskur og glös lyfjakistunnar skulu vera í hólfum, með lausum skiljum.

2. gr.

Hjer eru talin skipslyf.

Innvortis.

Íslenska	Latína	Lyfjakista				
		No. 1	No. 2	No. 3	No. 4	No. 5
Aspirintöflur (Acetylsalecyl- töflur)	Tablettæ Acidi acetylosali- cylici g. 1	25	50	50	100	150
Hægðaduft	Pulvis Glychyrrhizae com- positus			100	100	200
Laxerolía	Oleum Ricini	125	250	250	500	1000
Bromkalíum-töflur	Tablettæ Brometi kalici à g.1			30	40	90
Brjóstdropar stillandi	Tinctura Thebaica benzoica				250	500
Brjóstdropar blandaðir	Liqvor pectoralis benzoicus, F. n. c. H.		250	250	250	500
Uppsöluskamtar	Radix Ipecacuanhae pulv. g.1			3	5	10
Cítronsaft	Succus Citri			500	500	1000

56

1. des.

Íslenska	Latína	Lyfjakista				
		No. 1	No. 2	No. 3	No. 4	No. 5
Laxersalt	Sulfas magnescus		200	200	400	800
Fenacetín-töflur	Tabletæ Phenacetini eg. 50			75	150	250
Glycerín	Glycerinum		125	125	250	500
Hoffmannsdropar	Aether spirituosus	30	125	125	125	125
Hóstapillur	Pilulæ Cynoglossi à eg. 10		50	100	200	300
Joðkalíum	Jodetum kalicum g. 10			5	5	20
Kamfórudropar	Aether spirituosus camphoratus	30	125	125	125	125
Kamillu-te	Flores Chamomillæ conc.			50	100	150
Kínadropar	Tinctura Chinæ composita			125	250	500
Kínínpillur	Pilulæ Sulfatis chinici à eg. 10			250	250	800
Laxerpillur	Pilulæ laxantes F. n. c. H.			50	100	250
Ópíumsdropar	Tinctura Thebaica	30	30	30	60	60
Perúbalsam	Balsam. Peruvianum	30	30	30		
Rabarberdropar beiskir	Tinctura Rhei amara			60	60	125
Sandelolía, blönduð	Aetheroleum Santali c. Aetheroleo Cassiæ 9+1			30	60	125
Sóðapulver	Bicarbonas natrius pulv.		100	100	250	300
Stoppandi magadropar	Infusum Rhei opiatum F. n. c. H.	30	60			60
Vismút duft	Subsalicylas bismuthicus		15	25	50	100

Útvortis.

Íslenska	Latína	Lyfjakista				
		No. 1	No. 2	No. 3	No. 4	No. 5
Álúnpulver	Sulfas aluminico-kalicus pulv.			50	100	200
Blýedik	Solutio Subacetatis plumbici		60	60	60	250
Bórsýru-duft	Acidum boricum pulv.	100	250	250	500	1000
Bórvaselín	Vaselinum boricum	50	50	50	50	250
Chankervatn	Solutio Nitratis argentici 1+499			125	250	250
Dermatol	Subgallas bismuthicus		10	15	25	40
Vítissteinn í trjehulstri	Nitras argenticus in Baculis g. 1		1	1	1	3
Joðáburður (í flösku með glertappa)	Solutio Jodi spirituosa	15	30	30	60	60
Karbólsýra fljótandi	Phenolum liquidum		60	125	250	1000

Íslenska	Latína	Lyfjakista				
		No. 1	No. 2	No. 3	No. 4	No. 5
Kautschuk heftiplástur	Emplastrum adhaesivum Americanum	600	900	750	1500	3000
“ heftiræma	— — 1 cm x 1 m	1	1	1	1	1
“ “	— — 2 — x 1 —		1	1	1	1
“ “	— — 3 — x 1 —			1	1	1
Klóroformolía	Oleum Chloroformii 1+2	125	125	125	125	250
Kollodíum elast.	Collodium elasticum	10	15	15	30	60
Kvikasilfur-karbóplástur	½ m² = Phenolum g. 7,5 Hydragryum g. 20		200	200	400	400
Kvikasilfursáburður	Ungventum Hydrargyri (30% g. 3)		20	40	40	80
Manganyfirsýrt kalipulver	Hypermanganas kalicus eg. 12			10	20	25
Brunaolía	Oleum Olivae c. Subnitrate bismuthico 9+1	125	125	125	250	500
Salmíakspíritus	Solutio Ammoniaci			50	50	100
Lýsól	Lysolum			1 kg	5 kg	10kg
Sennepsplástur	Charta sinapisata 92 m²		2	2	3	5
Sápuspíritus	Spiritus Saponis camphoratus		125	125	250	500
Tanndropar	Chloroformium c. Phenolo 2 +1					30
Tjörúaáburður	Ungventum Pyrolei pini			60	60	125
Vínandi	Spiritus concentratus		125	250	500	500
Zinkpúlver	Sulfas zincicus g. 1,75			80	30	50
Augnaáburður	Ungventum Pagenstecheri mite F. n. c. H.			5	10	10
Augnavatn	Solutio Sulfatis Zincici 1+299		30	60	125	125
Augnavatn svart.	Solutio Nitratis argenticci 1+299			30	60	90

56
1. des.

		Lyfjakista				
		No. 1	No. 2	No. 3	No. 4	No. 5
Bindi, Appretur 8 cm. $\times$ 7 m	Stívelsisbindi			2	3	5
“ bruna 8 $\times$ 4	Vismuthbindi		1	2	4	6
“ flónels 8 $\times$ 5	Hálf ull			2	4	6
“ Gaze 8 $\times$ 7	Minst 24 þræðir hver cm ²	5	10	15	30	30
“ “ 5 $\times$ 5		3	25	25	10	40
Bómull steril hydroscop	20 gr.	1	3	2	3	4
“ “ “	10 gr.	1	3	3	6	10
“ “ “	60 gr.	2	2	4	4	10
Kviðslitsbindi	1 til h. og 1 til v.			2	2	2
Charpi			50	50	1m	1m
Drykkjarbolli					1	1
Flöskumiðar bláir og hvítir				10	20	25
Flöskumiðar eitir				3	5	5
Fingurhettur		1	2	2	3	3
Glös tóm 125 gr.	Litarlaus, sívöl og þur með			1	1	2
“ “ 60 gr.	tappa			1	1	3
“ “ 30 gr.				1	1	3
Glös með gler tappa				1	1	1
Hermannaböggjar	No. 1	3	4	4	5	10
“	“ 2	1	3	3	5	10
Gaze				2m	4m	6m
“ steriliserað	30 cm.		2	3	6	10
“ “	15 “		2	3	6	10
Gúmíljereft				1	1,5	2m
Guttaperchapappír		25	50	50	1m	1 1/2
Hálspensill				1	1	2
Skolkanna með 1 m. slöngu, 1 ebonit lás, 1 hægðastaut og 1 sárastaut				1	1	1
Þvagleggir stinnir	Nelatons No. 16 & 19	1(18)	1(18)	1(18)	2	2
Ljereft				2m	4m	6m
Mæliglös		1	1	1	2	2
Naglaburstar		1	1	1	2	5
Pungbönd				1	3	3
Grár pappi	1 örsk á að vega 1000—1250 gr.			1/2	1	1
Penslar		1	2	2	3	5
Augnsprauta				1	1	1
Tannar				5	10	15
Sáratöng	Nikkluð	1	1	1	1	1
Skæri	2	1	1	1	1	2
Lásnælur	3 stærðir	6	12	12	24	36
Hnífur		1	1	1	2	2
Sprautur, lekanda	Úr gleri, ebonit oddur 10 cm			1	2	3
“ eyrna	Úr rauðgúmi, kúlumyndaðar með gúmíoddi			1	1	1

		Lyfjakista				
		No. 1	No. 2	No. 3	No. 4	No. 5
Hægðaskál (Stikbækken)	Vanaleg stærð, geymist í vasilíni Af meðalþykt í vindslum			1	1	1
Sáranálar						
Sutursilki		2	2	2	2	3
Svampur		1	1	1	1	2
Hitamælirar		1	1	1	1	1
Tjöruhampur 125 gr.			1	1	1	3
Trjebynnur 60 cm. langar, 4 mm. þykkar, 7 cm. breiðar			1	1	1	2
Trjebynnur 30 cm. langar, 4 mm. þykkar, 7 cm. breiðar		2	2	2	2	2
Þvagglös		2	2	2	2	2
Vatt með himnu			1	1	1	1
		1	1	1	1	2

3. gr.

Vörubátar í strandsiglingum skulu hafa lyfjakistu No. 1, sjeu skip-verjar eigi yfir 8, ella lyfjakistu No. 2.

Seglskip og seglskip með hjálparvjel, sem stunda fiskiveiðar hjer við land, og eru lengur en sólarhring í senn úr höfn, skulu hafa lyfjakistu No. 2 sje skipshöfn eigi yfir 14, ella lyfjakistu No. 3.

Vöruskip, sem eru hafskip, og farþegaskip í strandsiglingum skulu hafa lyfjakistu No. 3, sje skipshöfn eigi yfir 15, og farþegar eigi yfir 50, ella lyfjakistu No. 4.

Eimfiskiskip (hafskip) og farþegaskip í strandsiglingum skulu hafa lyfjakistu No. 4, sje skipshöfn eigi yfir 40 eða farþegar eigi yfir 100, ella lyfjakistu No. 5. Þó skulu botnvörpungar hafa Gazebindi, bómull, fingurhettur, hermannaþöggla og Gaze sem í lyfjakistu No. 5, en þeir skulu ekki hafa Cítron-saft, Lysól nje skolkönnu.

Farþegaskip (hafskip) skulu hafa lyfjakistu No. 5, sje skipshöfn eigi yfir 30 og farþegar innan 100. Sje skipshöfn og farþegar 130—500 skal skipið hafa lyf í tvær kistur No. 5, og sje fólkstalan yfir 500, skal það hafa lyf í þrjár.

Í hverri lyfjakistu skal vera eitt eintak af viðurkendri „Lækningabók fyrir farmenn“, enn fremur „Samræðissjúkdómar og varnir gegn þeim“, eftir Guðm. Hannesson og eitt eintak af lögum nr. 16, 20. júní 1923 um varnir gegn kynsjúkdómum.

4. gr.

Ofanskráð lyf skulu vera til í byrjun hverrar ferðar í þeim mæli er segir í 2. gr. Sje eytt til muna af einhverju lyfi. skal viðbót fengin þegar er því verður viðkomið.

- 56** Um lyfin skal tryggilega búið, og nafn hvers þeirra letrað greinilega
 1. des. á umbúðirnar samkvæmt 2. gr., ennfremur skal þar standa dagur og ár, er
 lyfið er afhent úr lyfjabúðinni.
 Lyfin skulu ávalt vera tiltæk.

5. gr.

Það ár, sem skoðun fer fram samkvæmt lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, skal lyfjakista skipsins skoðuð af hjeraðslækni eða bæjarlækni eða lyfsala, er gefa skal vottorð um, að hún sje lyfjum búin samkvæmt 2. gr. þessarar tilskipunar. Læknir eða lyfsali skal sjá um, að ný lyf sjeu fengin í stað þeirra, er skemd eru orðin, og ganga svo frá lyfjakistunni, að hún sje að öllu leyti samkvæm tilskipun þessari. Vottorðið skal sýna skoðunarmönnum, og skal þess getið í eftirlitsbókinni.

6. gr.

Leyft skal að nota lyfjakistur þær, er í skipum eru, þá er tilskipun þessi öðlast gildi, sjeu þær svo rúmgóðar, að lyfjunum verði haganlega komið fyrir í þeim.

Tilskipun þessi gengur í gildi 1. janúar 1925.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 1. desember 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

Magnús Guðmundsson.